

KJARASAMNINGUR

milli

AFLS og RSÍ

og

Alcoa Fjarðaáls

1.gr.

Síðastgildandi kjarasamningur aðila framlengist til 28. Febrúar 2025 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og fellur úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

2.gr.

Gildistími samningsins er frá 1. mars 2023 til 28. febrúar 2025

Launabreytingar

1. mars 2023

Grunnlaun hækka um 9,9%

Orlofs og desemberuppbót 2023 taka sömu hlutfallslegu hækkun og grunnlaun.

Vinnutími styttest og verður:

Hjá starfsmönnum í vaktavinnu 34,15 klst. Vinna samkvæmt vaktakerfi auk 3 bætivakta

Hjá starfsmönnum í dagvinnu 36,3 klst. Stytting tekin frá Jan-Maí og Sept-Des, allt að 1 dagur á mánuði. Ekki er heimilt að færa styttinguna milli mánaða.

Orlof starfsmanna breytist ekki þrátt fyrir vinnutímastyttingu

Orlofsdagar dagvinnustarfsmanna reiknast sem hér segir:

Orlofsréttur dagvinnufólks	Klukkustundir í dagvinnu
26 daga orlofsréttur fyrstu 4 ár í starfi	204
28 daga orlofsréttur eftir 4 ár í starfi	220
30 daga orlofsréttur eftir 7 ár í starfi	235

Orlofsdagar umreiknast í vaktir sem hér segir:

Orlofsréttur vaktavinnufólks	Klukkustundir í vaktavinnu	Orlofsvaktir í vaktavinnu
26 daga orlofsréttur fyrstu 4 ár í starfi	180	22,5 vaktir
28 daga orlofsréttur eftir 4 ár í starfi	194	24,25 vaktir
30 daga orlofsréttur eftir 7 ár í starfi	208	26 vaktir

Grein 5.3 í aðalkjarasamningi, Bretland bætist við lista yfir ríki utan EES svæðisins.

1. mars 2024

Grunnlaun hækka sem nemur 95% af breytingu á launavísitölu Hagstofu Íslands frá desember 2022 til desember 2023, seinni mæling er gefin út í janúar 2024

Orlofs og desemberuppbót taka sömu hlutfallslegu hækkun og grunnlaun 2024.

Bókun vegna Stóriðjuskóla, grein 9.3

Unnið verður að útfærslu og útvíkkun á stóriðjuskóla þrepi iðnaðarmanna og verður það að fullu innleitt í október 2023

Bókun vegna fæðingarstyrks, grein 5.5

Unnið verður að útfærslu og endurskoðun á fæðingarstyrk fyrir starfsmenn og stefnt að því að útfærslu verði lokið í október 2023

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp á lögformlegan hátt, sbr. 5. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum. Atkvæðisrétt um samning þennan eiga starfsmenn Alcoa Fjarðaáls sem heyra undir gildissvið samningsins og eru fullgildir félagar í hlutaðeigandi félögum. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl.08:00 þann 20. mars 2023 skoðast hann samþykktur.

Reyðarfjörður 6. mars 2023

F.h. Afis starfsgreinafélags

Fyrir hönd RSÍ

Fyrir hönd Alcoa Fjarðaáls sf.

Anna Þ. Kristmunds

Anna Þ. Kristmunds

Asta Ragnvaldsdóttir

Pórdís sif G. Guðjohansen

Agust Þ. Guðjohansen

Þórunn Þ. Guðjohansen

Tómas Sigurðsson

Marek Wróblewski

Berglind Guðja Sigurðardóttir

Kristján Þorvaldur Guðjónsson

Þórunn Þ. Guðjohansen

Guðni K.

Þórunn Þ. Guðjohansen

Guðni K.

Guðni K.

Sanna M. Johannsd.